

The Dominion Bank

WATERLOO BANK BLDG. 100
WATERLOO ST. W. W. 100

Kapítall, upph. \$ 4,000,000
Varasjóður \$ 7,700,000
Allar eignir, yfir \$120,000,000

Sérstakt athygli veitt viðskiptum kaupmanna og verslunar-aga.

Sparisjóðsdælingin.

Vextir af innstæðum greiddir jafn hátt og annarsstaðar víðgjengt.

PHONE A 222.

P. B. TUCKER, Ráðgjafi

Sjálfsæði Egipta.

(Framhald frá 3. síðu)

Flæstra Egipta á afstöðunni til Breta og eigi vera ólíkar stefnu Adly pasha, Munurinn í stefnu þessara tveggja manna er aðallega sá, að Zaghlul hótar Bretum öllu illu, ef þeir láti ekki undan, en Adly hefir ekki látið neitt uppi um hvaða gera skuli, ef samningur tákist ekki.

I nóvemberbyrjun hófst samningur aftur og stóðu fram eftir mánuðinum. Laug svo, að fundur var slitið án þess að nokkuð hefði unnið á, og fóru egypsku fulltrúarnir heim til sín. Var búist við nýjum róstum í Egyptalandi er þessi málalok spyrðust, en af þeim varð eigi.

En hvað tekur nú við? Þetta mál verður ekki kærð og Egyptar munu halda áfram baráttu sinni. Hleðið, sem orðið hefir síðan samningnum sleit 20. nóv. mun vera undirbúningstími undir nýja atögu. Þegar heim kom sagði Adly pasha af sér stjórn og var eigi búist að mynda nýtt ráðuneyti þegar síðast fréttist til. Voru ýmsir nefndir til stjórnarmennsku, en eigi var Zaghlul pasha í þeirra tölu.

Íbúar Egyptalands eru um 13 milljónir, og af þeim eru tíu og hálf milljónir Egyptar. Af Evrópuþjóðum er mest af Tyrkjum og Grikkjum (130 þús.), 35 þús. Ítalir og 21 þús. Englendir. Af landsmönnum eru um 11 milljónir Múhammedstráar, en kristnir menn eru þar tæp ein milljón. Þó er sjálfstæðisheyring Egipta ekki talin runnin frá trúarbrögðum. Hún er eingöngu þjóðernisleg. Þjóðernisálfirninginn er rík hjá Egyptum og var orðin það löngu áður en enska verndin kom til sögunnar. Egyptar tóku fegins hendi boðskapnum um réttlæti í stjórnmálum, sem bandamenn höfðu svo hátt um meðan þeir voru að murka lífið úr Þjóðverjunum, og vilja nú fyrir hvern mun njóta þess.

Egyptar hafa allmikinn her. Er herskylda í landinu, en ýmsar stéttir manna geta keypt sig undan herþjónustu fyrir ca. 400 kr. Bretar hafa enn her í landinu og hafa haft síðan í öfriðarbyrjun, en hann er hvergi nærri nógur til þess að skakka leikinn, ef almenn uppreisn kæmi í landinu.

Lögr.

I borgarmusterinu

(Framhald frá 5. síðu)

sér farborða. — Valdið! Valdið! Það er heróp heimanna. Ef þú átt ekki valdið, ertu öreigi. Ef þú átt ekki valdið, máttu búast við að sjá ástvinina, sem þú átt að annast, liggja bleika nái á líkfjöllum áður en varir og orma naga þín eigin hlýði. Ef þú ekki leitar valdanna, ertu heimakingi, því þú verður þá hornreka og auðuleysingi eins og söluherlingarnar, sem hýma nótt og dag króklöpnar og kaldar niðri á Cahring Crosse með eldipitnaklippin sín, eða steinsættamálarnir kringum Russel Square, sem liggja dag eftir dag á hnjúnum við að mála steinstéttirnar krítarmyndir í von um penny fyrir frá þeim, sem fram hjá ganga og láta svo lítið að líta

á þær. — Og í hverju er svo vald íð fólgið? Ekkert er eins mislíklegt eins og það. Sá er einatt talinn voldugur, sem á of fjár. Með afli auðsins getur hann útvegað sér allkonar þægindi og haft á hafi á aðra, boðið öðrum birginn og jafnvel unnið margt þarft og gott. Og þó getur hann ekki, með aðstoð þessara hluta einna, fundið frið sálu sinni né sigrað hjörtu annara. Eitthvð er óheilt við þann mátt, sem ekki verður beitt nema að einhver finni til, en svo er einatt um auðinn og metorðin. Þekking er vald, segjum við líka Englendir. Það er samt því að eins rétt, að þekkingunni sé beitt í þarfir góða málefna. — Nei, það er hvorki auðurinn, metorðin né þekkingin, sem er hið sanna vald, heldur kærleikurinn. Það er hann, sem sigrar hjörtun. Það er hann, sem græðir alastaðar hvar sem honum er beitt, en serrar ekki. Hann er voldugasta aflið í lífi einstaklingsanna og lífi þjóðanna. Þetta skilur mannkynið ekki enn að fullu, þó að nú séu 19 aldir síðan meistarinn mikli boðaði heiminum þenna sannleika. En við verðum þó læra að skilja þetta til hlítar, læra að beita þessu valdi. Við verðum öll að læra að leita valdsins, það er lífins ligmál. En ef heimurinn á nokkurntíma að verða að paradís, sem hugsjónmennina dreymir um og skáldin yrkja um, þá verðum við að leita valdsins í þessari merkingu. leita þess í kærleikanum. — Hverjir eru það, sem hafa sigrað í þessum öfrið? Við svörum hreyknir: Bandamenn hafa sigrað. En slíkt er yfirborðssvar. Sigurvegararnir í þessum öfrið eru þeir, sem hjúkruðu, líknðu, vernduðu, veittu svölun, þeir, sem jafnframt því að gera skyldu sína við fofurlandið, voru ætíð reiðubúnir að rétta særðum bróður hjálparhönd, jafnvel þegar orustan stóð sem hæst og þó að þeir stofnuðu með því sínu eigin lífi í voða, þeir sem gleymdu því, hvort hinn hjálparþurfi var vinur eða óvinur, en létu að eins stjórnast af lönguninni til að líkna og lína þjáningarnar.

Og nú fer ræðumaður með áheyrendurna út á vígvellina. Blóði drifna seiðir hann þá fram fyrir sjónir kirkjufólksins með öllum þeim ógnum, sem hafa gengið á þeim helvegum. Í þessum egi, legasta hildarleik veraldarsögunnar hafa verið unnin hin dásamlegustu kærleika og líknarverk. Og hér segir sjónarvottur frá með snikl mælskunnar, Atburðinum bregður fyrir í skýrum myndum eins og ræðumanni finst hálft í hvoru sem endurminningarnar um þessa hluti séu of helgar til þess að frá þeim sé skýrt — jafnvel í kirkjunni. Hann talar nú í lágunum hljóðum og kirkjufólkið leggur enn betur við hlustirnar. Ef til vill fær það hér fréttir af sínum eigin ástvinum, því vísat hefir alt þetta fólk átt þá einhverja á vígvöllumum. Og harnar líðinna ára ýfast upp. Kona, sem situr á næsta bekk fyrir framan mig er klædd einkennisbúningi hjórunarkvenna Rauða krossins, grætur í kyðey. Axlinnar kippast til af krampakendum ekki. Ef til vill er það ekki ræðan ein, sem veldur þessum áhrifum. Ef til vill eru það endurminningar hennar sjálfrar á hörmungum öfriðarins, sem nú "daga fram úr djöpi sálar" og vekja gráttinn. Ef til vill eru það stórkotadurnar, sem áður sungu líksöng yfir föllum ástvin, er nú hljóma henni aftur í eyrum. — Gamall maður, sem situr við hlið mér, starir társtökum augum út í bláinn. Drættirnir í kring um munninn eru harðir og skarpir. En nú hafa þeir mýkt undir ofurmagni tilfinninganna. Þá heldur hann enn velli á yfirborðinu — og virðist næstum byggast sín fyrir hvað hann hafi leyst þeim að hlaupa langt með sig. —

Orgelið hefir tónaregni sínu út fyrir kirkjuna og söngflokkurinn tekur undir í veikum róm. Lágt, næstum hvíslandi, kemur sálmurinn, huggandi, sefandi. Og friðarblær ferast yfir andlitin. Drættir innir mýkjast, höfuðin drjúpa og hugurinn vaggast til hvíldar af einhverjum ósýnilegum töfrum meðan söngurinn hljómar um þenna háreista, hvelða sal og fellur eins og hressandi dögg yfir kirkjufólkið, unz hann deyr út eins og langt, veikt andvarp. "Hér er guðs hú, hér er hlið himins," varð Jakobi að orði í draumnum. Hér í borgarmusterinu er líka áreiðanlega hlið himins. — Og ef þetta er ekki samfélag helagra — communio sanctorum — þar sem allur söfnuðurinn liggur á been, en djúp kyrdin ríkir umhverfis, þá hefi eg aldrei ákilið þú hugtak.

Sveinn Sigurðsson (Eimreiðin)

Fréttir frá Íslandi.

Gengiskráning ísl. krónunnar. "Berlingske Tidende" segja frá því að neind á erh eilastarðis danskra kaus til þess að rannsakast innieignir danskra kaupfélsmanna hjá Íslendingum, hafi nú lokið störfum sínum. Við rannsóknina þykir heildslaráðinu það hafa komið í ljós, að verzlunastéttinni muni hagkvæmast, að



HANS OG GRÉTA

Niðurl.

Vilhjálmur Pétursson gekk upp á loft, og er hann gekk fram hjá herbergi barna sinna, heyrði hann að þau voru að tala, stanzaði við til að heyrast. Þau voru að segja. Hurðin var hálf opin svo hann leit inn og á þau krjúpanði fyrir framan rúnið, og það sem hann heyrði þau segja var þetta: "Góði Guð, sendu Jóhanni í Koti peninga, svo hann og Nonni og Ella geti fengið ný fót og leikföng eins og við. Blessaðu þabba og mómmu og þau öll, í Jesú nafni, amen."

Vilhjálmur Pétursson stóð um stund fyrir framan dyrnar. Börnin hans höfðu opnað hjarta hans og kærleikurinn streymdi frá þeim inn í djúp sálar hans og settist þar að. Hann hafði sofið og ekki þekt lífið eins og það átti að vera. Nú sá hann það í sinni réttu mynd. Nú fann hann hina réttu lífsgleði hreina og óblandaða. Kærleikann til alls og allra á þessari jörð. Hann fór til herbergis síns. Enginn veit hvað mikið hann svaf þessa nótt eða hvort hann svaf nokkuð, en um morguninn, þegar hann og kona hans gengu til borðs var hann einkennilega fálatur, og leit kona hans til hans öðru hvoru því henni sýndist hann öðru vísi en hann var vanur.

Þegar þau voru búin að borða segir hann við konu sína: "Viltu koma með mér inn í setustofuna; mig langar til að tala við þig fáein orð."

Frú Pétursson stóð þegjandi upp og fylgdi manni sínum eftir inn í stofuna og settust þau þar hlið við hlið í legubekkin.

Heyrðir þú hvað börnin voru að biðja um í gærkveldi þegar þau fróu að hætta?"

"Nei, en þau sögðu mér í gær, að þau ætluðu að biðja guð að hjálpa Jóhanni í Koti."

"Já, þau voru að biðja um það, og eg hefi sofið, en þau hafa vakandi mig og látið mig finna hina réttu lífsgleði. Kærleikann til alls og allra, Viltu hjálpa mér til að gera gott og sýna kærleikann í öllum áformum okkar og gjörðum?"

"Já, af öllu hjarta," og frú Pétursson lagði hendur um háls manni sínum og sálir þeirra urðu eitt í réttlæti og kærleika.

Hjónin töluðu saman um stund til þess er börn þeirra komu að borða. Þau buðu foreldrum sínum góðan dag með kossi.

Langar ykkur til að fara yfir að Koti í dag?" spurði Vilhjálmur börnin þegar þau voru sezt að borðinu.

"Ó, já," sagði Gréta, en Hans þagði.

"Langar þig ekki til að fara líka, Hans minn?" spurði móðir hans.

"Jú," mælti hans, "en — en þau geta ekki leikið sér þegar þau eru svöng."

Vilhjálmur laut niður að drengum um og sagði: "En þau skulu ekki vera svöng. Þið voruð bænheyrð í gærkveldi. Kærleikurinn hefir sigrað og í gegnum kærleikann skal þeim líða vel. Mamma ykkar er nú að búa út ýmslegt til að senda Jóhanni, og eg ætla að skrifa Jóhanni fáinar línur, og þú, Hans minn, átt að vera sendiboði kærleikans á meðal nágranna minna."

Hans og Gréta voru himinlifandi glöð og gleymdu að eta sumt af matnum sínum, svo var áhuginn mikill að komast af stað.

Hans bar stóran böggul undir hendinni, og á milli sín báru þau körfu fulla af, ja, hver veit af hverju. Þau þurftu oft að hvíla sig á leiðinni og voru orðin mjög lúin, að þeim fanst, þegar þau komu að koti.

Nonni og Ella sáu til þeirra og komu brossandi og hoppandi á móti þeim. Hans lét Nonna hjálpa sér til að bera körfuna inn í húsið í Koti sem var bæði lítið og fátæklegt. Hjónin í Kotu urðu meira en lítið hissa, þegar Hans sagði þeim að foreldrar þeirrar hefðu sent þau með þetta til þeirra. Og líka rétti hann Jóhanni bréf og er Jóhann leit á innihald þess, varð hann bæði hissa og glaður, því í bréfinu var álitleg peninga upphæð en bréfið var stutt ort.

Kæri vinur: Kærleikurinn hefir komið til mín. Börnin mín hafa fært mér

hann, og eg vona að þau færi þér hann einnig. Við skulum efla kærleikann í sálum okkar og barnanna okkar, og þá býr hin sanna lífsgleði á meðal vor. Þessi peningaupphæð sem er í bréfinu er uppbót á kaupinu þínu, og framvegis hækka eg kaupið þitt um helming.

I nafni kærleikans er eg þinn einlægur vinur.

Vilhjálmur Pétursson, Jóhann sýndi konu sinni bréfið og þarf ekki að lýsa gleði hennar; hún var einlæg og sönn.

En börnin voru að skoða í körfuna. I körfunni voru allkonar matur sem þau álitu mesta

sælgæti, og í bögglinum var alklæðnaðir handa báðum börnunum, og höfðu þau aldrei séð slíkt og ekki einu sinni á jólinum.

Jóhann og kona hans föðmuðu þau Hans og Gréta að sér og þökkðu þeim fyrir þann mikla kærleika sem þau höfðu flutt inn á þessi tvö heimili og svo létu þau börn sín gera það seinna og eg þá sáu þau þá fegurstu sjón sem maður getur augum litið í sálum þessara fjöggra barna.

Geislandi kærleikann í hreinleik sakleysisins.

August Einarsson



LITLA STÚLKAN OG KISA.

Litla stúlkán:

"Kisa er bæði flink og frá, Fallega ber hún sig; Leikur sér létt í skapi, Já, leikur oft við mig."

Komdu hérna, kisa mín, Komdu með skinnið mjúka. Þú ert bæði þrífín og fín, Þér skal eg gjarnan strjúka.

Komdu hérna kisu grey, Þú klóraðir mig í gær, Þú reifst mig í reiði þinni. Sko, rispan er eftir klær!"

Kisa:

"Þú kramdir mig svo í kjöltu þinni

Sem kœfa vildir þú mig, Í fáti einu eg um þá braust Og óvart reif eg þig.

Jeg barngóð er og börnum smá Jeg býna mikið líð, En harðleikin oft þau eru, Þá undir rúm eg skrifa."

Svo léku þær saman lengi dags, Unz líðið var að húmi. Þá litla stúlkán sofnaði sætt Í sínu góða rúmi.

Þá læddist hún kisa í kjallarann, Að koma þar er hún fús; Þá var í henni vígahugur. Varað þig rotta' og mús!

Hestavísur.

eftir Jón Guðmundsson í Dölum Fæstkrúðsírði, teknar eftir minni Kráks (Jónssonar) sonar hans í Selkirk og birtar eftir beiðni hans.

I.

Þegar Skjóna fjörgum fót fær um Ónars-kvendi, undir Jóni er hún fljót eins og ljónið vendi.

II.

Hristast, skjálfa hrísur höllin álfa stýnur, völlum sjálfur við titr veldið gjálfar drynur

III.

Hrjóta gneistar hófu hausinn reistan ber afli treysta miklu n meður hreysti fer h

IV.

Mín fáka mella: sem mér gerði tí mótlæti og ame að hrinda burt í blæótt í framan á bók rauð, en í brá fótum, skeið líbaga á. Fjörstytt, vel þolin svo fákunum rendi framgjörn um nesin og klunggranna geim. Lóð foldar hófóstuð hún bykkjum sendi nær hóf sig um sléttendið langt fram hjá þeim.

in á um, hvaða tegundir skuli sæta hæsta afgjaldinu og hverjar því lægsta. Alagning sú, er smásölum er leyfð á tóbaki, nemur á munntóbaki og rjóli 10%, á vindlu og reykstóbaki 15% og á vindlingum 25%.

Karl Guðnason verzlunarstjóri lézt 18. des. s. l.; maður á unga aldri; lætur eftir sig ekkju og 2 börn.

Eftir "Austurlandi" á Seyðfirði frá 1. jan. til 15. feb.: Látinn er Björn bóndi Guðmundsson á Skjaldbingsstöðum; fóret ofan um ís á Jökulsá.

Þjóðsögur og sagnir er Sigfús Sigfússon frá Eyvindará hefir safnað og skráð, er nú byrjað að prenta. Kváðu þær geyma margar konar fróðleik, sem annars hefði tapast.

Látinn er Sigfús Jónsson frá Smjólhti.

Þorabíót var haldið að Vallaranesi 4. febr. s. l.; tón þar fram ræðuhöld, sjónleikar og dans.

Einmunnatíð er sögð 28. jan. á öllu Austurlandi. Orisa upp á fjallabrinur bæði í héraði og í fjörðum; mestur hiti h. u. b. 10 stig.

gengi íslenzkrar krónu verði framvegis skráð opinberlega á kaupþinginu í Kaupmannahöfn. Hefir verzlunarráðið borið málið undir álit Þjóðbankans danska og er nú að ihuga það. Það eru einkum kaupmenn, sem viðskifti hafa við Íslendinga, sem hafa áhuga fyrir þessu. Gengi íslenzku krónunnar er nú 77 aurar.

Íslendabanki mun hafa í hyggju að stofna útibú á Siglufirði nú næsta sumar, sem þó líklega á að starfa aðeins sumarmánuðina, þegar þar er mest um að vera.

Tóbakssalan, Reglugerð um hana er nú komin út í Lögbirtinga blaðinu. Samkvæmt henni kaupir Landaverzhúsin þær heildsölu birgðir, sem hér voru til um nýár og selur þær smásölum eftir sömu reglu sem aðrar birgðir sínar, en tákist ekki samningar um verð við heildsalana, verða þær að greiða gjald er nemur 20% af verði þeirra til ríkissjóðs. Smásalar fá leyfi til að selja birgðir þær, er þeir höfðu flutt inn fyrir áramót til 30 júní n. k. en þess að greiða gjald af þeim, en áður verður skvæðið hvernig farið verði með birgðir þær, er þeir kunna að hafa óseldar þá. Landaverzlunin á að leggja 25—75% gjald á alt tóbak, og er þá miðað við verð þess komið í hús hér, ótollað. En eigi kveður reglugerð